



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Tryggvagata 25, 800 Selfoss
S. 482 2111, fax 482 3112
Netfang: fsu@fsu.is

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2016

FÉLA3AÐ05

KENNSLUÁÆTLUN

Lýsing á áfanga:

Nemendur kynna ólíkum rannsóknaraðferðum félagsvísinda og tengslum þeirra við mismunandi kenningar. Þeir læra söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og kynningu á þeim. Nemendur vinna rannsóknarverkefni og fá þjálfun í að beita eigindlegum og meginlegum aðferðum. Farið verður í notkun sérhannaðra forrita til úrvinnslu á rannsóknum. Einnig verður farið ítarlega yfir kröfur um heimildaritgerðir í félagsvísindagreinum.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilning á:

- hugtökunum „kenning“ og „tilgáta“ og geta greint tengsl á milli þeirra.
- mismunandi gerðum breyta og eðli þeirra.
- helstu rannsóknaraðferðum félagsvísinda, þ.e. könnun, athugun, tilraun, innihaldsgreiningu og rannsókn á skráðum heimildum.
- hugtökum eins og hallatölu, staðlaðri hallatölu, fylgnistuðli, marktækni, meðaltali, miðgildi, hágildi, staðalfrávik, úrtaki og þýði.
- muninum á mismunandi úrtaksaðferðum í könnunum.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta kosti og galla helstu rannsóknaraðferða og bera saman meginlegar og eigindlegar rannsóknir og tengja við kenningar.
- lýsa, nefna dæmi um og leggja mat á aðferðafræðileg vandamál í rannsóknum tengd réttmæti, áreiðanleika, hlutleysi og sérstöðu félagsvísinda.
- velja rannsóknaraðferð fyrir tiltekið rannsóknarefni og rökstyðja valið.
- vinna einfalda útreikninga, línurit og töflur í Excel.
- vinna með tölvuforrit sem sérhönnuð eru fyrir úrvinnslu kannana svo sem SPSS eða PSPP.
- framkvæma einfalda tilraun og meta niðurstöður úr frá líkindatölfræði.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- seta fram rannsóknarspurningar og tilgátur um valin rannsóknarefni.
- gera einfalda félagsfræðilega rannsókn og vinna úr henni helstu niðurstöður.
- setja upp heimildaritgerð með forsíðu, blaðsíðutali, efnisyfirliti, tilvísunum og heimildaskrá.
- setja fram og kynna rannsóknarniðurstöður á viðeigandi hátt.

.....

Kennslubækur og kennslugögn:

- Námsfni hjá kennara.
- Allar glærur og önnur gögn verða inni í Moodle kennsluskerfinu

.....

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni:

Próf verður í byrjun mars (gildir 25%, dagsetning gæti breyst í samráði við nemendur):

Verkefni eru sex:

- Myndræn aðhvarfsgreining 10%, unnið fyrstu tvær vikur annar. Skiladagur ca. 27. jan.
- Heimildarritgerð 8% Skiladagur ca. 10. febrúar.
- SPSS/PSPP æfingarverkefni 8% unnið um miðjan febrúar.
- Sálfræðitilraun 12%; áætluð skil í lok febrúar.
- Próf 25%; áætlað í byrjun mars. Blanda af einstaklings- og hópprófi.
- Rannsóknarverkefni, eigindlegt og meginlegt 37%: Skil í lok annar

.....

Námsmat, athugasemdir og skýringar:

- Próf gildir 25% og verkefni 75%. Ekkert lokapróf verður í þessum áfanga
- Missi nemandi af prófi getur viðkomandi fengið leyfi hjá kennara til að þreyta það síðar en þá fellur hópprófsþátturinn niður. Sjúkrapróf verður síðasta kennsludag í greininni.
- Verkefni verða tímasett við fyrirlagningu og frávík frá skiladegi lækka útgangseinkunn. Verkefni sem ekki er skilað fær tvöfalt vægi í heildareinkunn, þ.e. gildir -10 en þó ekki meiri frádráttur fyrir hvert verkefni en 6% af lokaekinn.
- Á meðan unnið er við flest verkefni er frjáls mæting en aðeins hjá þeim nemendum sem eru í skilum með verkefni.

.....

Kennsluáætlun þessi er sett fram með fyrirvara um breytingar, sérstaklega á tímasetningu verkefna og vægi þeirra en heildarvægi verkefna verður alltaf það sama.

Viðtalstímar: Sjá tölvuþjónustu í stofu 306b.

Helgi Hermannsson